

# Kæra yfir kosningu þingmanns

**Kærandi:** Sigurður Hreinn Sigurðsson, kt. [REDACTED]

**Móttakandi:** Dómsmálaráðuneytið á grundvelli 118. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Með tilvísun til 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 er þess krafist að Alþingi ógildi kosningu Birgis Þórarinssonar og staðfesti ekki kjörbréf hans. Þess í stað verði landskjörstjórn falið að gefa út kjörbréf til handa Ernu Bjarnadóttur, frambjóðanda Miðflokksins í Suðurkjördæmi.

## Málsatvik.

Miðflokkurinn náði einu kjördæmissæti í Suðurkjördæmi í nýliðnum alþingiskosningum 25. sept. Landskjörstjórn úthlutaði kjörbréfi fyrir efsta mann listans, Birgi Þórarinsson, líkt og kveðið er á um í 111. gr. laga nr. 24/2000. Einungis tveimur vikum síðar og löngu fyrir þingsetningu tilkynnti Birgir að hann myndi yfirgefa flokkinn sem hann var í framboði fyrir og ganga til liðs við þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Að sögn þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins samþykkti þingflokkurinn beiðni Birgis Þórarinssonar um inngöngu samhljóða og fagnaði nýjum liðsmanni.<sup>1</sup>

Sjálfur segir Birgir að óánægja hans innan flokksins eigi sér langan aðdraganda og væri til komin vegna Klausturmálsins í nóvember 2018. Ljóst má vera að hann hafi ákveðið löngu fyrir kjördag að hann ætti ekki samleið með þeim flokki sem hann var í framboði fyrir, sérstaklega í ljósi þess sem hann sjálfur hefur lýst sem skipulegri aðför gegn sér í prófkjörsbaráttunni.<sup>2</sup> Auk þess fullyrti hann að næsti maður á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi hygðði á samskonar vistaskipti en það reyndist hins vegar rangt og undirstrikar ódrengskap Birgis að halda slíku fram í fjölmiðlum án þess að viðkomandi manneskja lýsti því sjálf yfir fyrst.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> <https://www.mbl.is/frettir/kosning/2021/10/09/birgir-skilur-vid-midflokkinn/>

<sup>2</sup> <https://www.ruv.is/utvarp/spila/frettir-kl-12-20/25243/8r34la/birgir-thorarinsson-haettur-i-midfloknum>

<sup>3</sup> <https://www.ruv.is/frett/2021/10/12/segir-ernu-bjarnadottur-hljota-ad-hafa-skipt-um-skodun>

## Rökstuðningur

Hvergi í lögum eða stjórnarskrá er það heimilað að þingmenn geti flutt með sér þingsæti frá einum þingflokki til annars. Þó svo að mörg fordæmi um slíkt megi finna á liðnum árum hefur það þó ekki gerst án þess að fyrir því liggi málefnalegar ástæður eða ágreiningur.

Það samræmist ekki lögum um kosningar til Alþingis að atkvæði greitt einum tilteknum flokki eða framboðslista teljist sem atkvæði greitt öðrum flokki. Meginreglan er sú að kjósendur merkja við einn ákveðinn listabókstaf stjórn málaflokks enda getur enginn frambjóðandi boðið sig fram án þess að vera á framboðslista eins stjórn málaflokks. Í atkvæðagreiðslu utankjörfundar eru auk þess engir listar með nöfnum á kjörseðlum og einungis gert ráð fyrir að ritaðir séu listabókstafir stjórn málaflokka. Í nýliðnum alþingiskosningum var slegið met í utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Ætla má að meirihluti kjósenda M-lista í Suðurkjördæmi hafi verið að greiða Miðflokknum atkvæði sitt frekar en sjálfstæðismanninum Birgi Þórarinssyni.

Á Íslandi tíðkast ekki persónukjör í alþingiskosningum nema að mjög takmörkuðu leyti. Leyfilegt er að strika yfir ákveðin nöfn á þeim lista sem valinn er eða breyta röð frambjóðenda á listanum sbr. 82. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Slíkt hefur hins vegar afar lítil áhrif nema verulegur hluti kjósenda tiltekins lista sé sama sinnis um svipaðar breytingar á listanum.

Í þessu sambandi er rétt að áréttast að Alþingi hefur árum saman hunsað niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. okt. 2012 hvað varðar persónukjör. Spurt var: *“Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?”* 78,4% þeirra kjósenda sem afstöðu tóku til spurningarinnar svöruðu henni játandi.<sup>4</sup> Ákvæði í lögum eða stjórnarskrá um aukið persónukjör bíða hins vegar enn umræðu og afgreiðslu á Alþingi þrátt fyrir að fjölmörg frumvörp í þá veru hafi verið lögð fram á liðnum árum.

Í 120. gr. laga nr. 24/2000 segir í 3. mgr. *“Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellnum, enda séu þær verulegar.”*

Einnig í 36. gr. sömu laga segir: *“Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.”*

Líkt og Birgir hefur sjálfur lýst í viðtölum átti brotthvarf hans úr flokknum sér langan aðdraganda. Hann hefur í viðtölum lýst því hvernig andrúmsloftið var rafmagnað og að sér hafi liðið illa í kjölfar Klaustur málsins. Hann fullyrti að allt frá sl. áramótum hafi verið barist gegn sér innan flokksins.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> [https://is.wikipedia.org/wiki/Þjóðaratkvæðagreiðsla\\_um\\_tillögur\\_stjórnlagaráðs](https://is.wikipedia.org/wiki/Þjóðaratkvæðagreiðsla_um_tillögur_stjórnlagaráðs)

<sup>5</sup> <https://www.ruv.is/frett/2021/10/12/segir-ernu-bjarnadottur-hljota-ad-hafa-skipt-um-skodun>

Ljóst er að kjósendur Miðflokksins í Suðurlkjördæmi keyptu köttinn í sekknun þar sem Birgir hafði hvernig getið þess í aðdraganda kosninganna að unnið væri gegn honum innan flokksins eða að hann teldi sig ekki eiga samleið með öðrum oddvitum Miðflokksins. Kjósendur Miðflokksins í Suðurlkjördæmi gátu með öðrum orðum ekki vitað að atkvæði greitt flokknum væri í raun atkvæði greitt öðrum flokki sem við nánari skoðun reyndist vera Sjálfstæðisflokkurinn.

## **Að lokum**

Flestir hljóta að vera sammála um að það sé bæði óheiðarlegt og ólýðræðislegt að villa á sér heimildir í kosningum til Alþingis. Ef kjörbréfanefnd og Alþingi sjálf lætur svindl sem þetta óátalið þrátt fyrir heimildir í lögum má reikna með að fleiri slíkar upptakur eigi sér stað í komandi kosningum. Þetta væri ömurlegt fordæmi og alls ekki til þess fallið að auka tiltrú fólks á störfum Alþingis og leikreglum lýðræðisins.

Kærandi vill vinsamlega beina því til fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa að íhuga stöðu sína gagnvart kærui þessari. Formaður undirbúningsnefndarinnar hefur látið hafa eftir sér að þingflokkurinn hafi samhljóða samþykkt beiðni Birgis Þórarinssonar um inngöngu og þannig lagt blessun sína yfir það sem kærandi telur ámælisvert og ósiðlegt.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 28. október, 2021.

Sigurður Hreinn Sigurðsson.